

59. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skuld til prentsmiðju Íslands fyrir prentun alþingistíðindanna. 1863.  
13. júlím.

Í bréfi 21. maím. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, lýst því yfir, að þér eigi getið fallizt á uppástungu Jóns Guðmundssonar, setts málaflutningsmanns við yfirréttinn, er var forseti á alþingi árin 1859 og 1861, um þær 200 rdl. eptirstöðvar, sem prentsmiðja landsins enn á úti-standandi fyrir prentun alþingistíðindanna hið fyr greinda árið, en sú uppástunga lýtur að því, að prentsmiðjan skuli gjöra sig ánægða með að fá helminginn af skuld sinni, eður 100 rdl. Um þetta efni skal yður kunngjört, að dómsmálastjórnin verður að yfirláta yður að neyta laga og réttar á þann hátt, sem yður virðist þörf á, til að fá borgaða þá 200 ríkisdali, sem hér er um rætt.

60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Stefáns Thórarensens, sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu, um að hann sé einnig skipaður bæjarfógeti á Akureyri. 13. júlím.

Eptir þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 8. dag þ. m. allramildilegast að útnefna yður, herra sýslumaður, til einnig að vera bæjarfógeti í kaupstaðnum Akureyri, og að fallast á, að yður sé gjört að skyldu að gangast undir hverja þá breyting, sem í embættistíð yðar kynni verða á embættinu, einkum með tilliti til þess, ef seinna meir kynni þykja ástæða til að stofna sérstakt bæjarfógetaembætti í kaupstaðnum Akureyri.

Um leið og yður er kunngjört þetta, skal þess getið, að veitingarbréf yðar, sem þér eptir úrskurði konungs fáid ókeypis, verður sent amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, til þess að hann komi því til yðar; en með bréfi þessu fylgir eyðublað fyrir embættiseið, sem þér eruð beðnir að útfylla og undirskrifa og senda síðan hingað. Veitingarbréf yðar ber yður að þinglesa á vanalegan hátt, þegar þér eruð búnir að fá það